

14. stjórnarfundur Leiknar, föstudaginn 25. maí 2007, kl. 11.00 – 11.30.  
Haldinn í húsnæði Mímis – símenntunar, að Skeifunni 8 í Reykjavík.

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir síðustu fundar.
2. Þekkingarsetur Þingeyinga tekur við hlutverki Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga.
3. Aðalfundur fulltrúaráðs 2007
  - a. Erindi Bjargar Árnadóttur, dags. 15. maí 2007.
  - b. Skýrsla formanns
  - c. Reikningar.
  - d. Lagabreytingar.
  - e. Kosningar.
4. Umsókn Fræðslunets Suðurlands að Leikn.
5. Önnur mál

**Mætt:** Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir og Smári Haraldsson. Birna Gunnlaugsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Emil Björnsson boðuðu forföll.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.

**2.. Þekkingarsetur Þingeyinga tekur við hlutverki Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga.**

Erindi Óla Halldórssonar, f.h. Þekkingarseturs Þingeyinga, dags. 9. maí 2007.

Lagt fram bréf frá Óla Halldórssyni f.h. Þekkingarseturs Þingeyinga, dags. 9. maí 2007.

Í bréfinu er greint frá því að Fræðslumiðstöð Þingeyinga, sem var stofnaðili að Leikn, hafi árið 2006 sameinast Þekkingarsetri Þingeyinga í eina miðstöð símenntunar, háskólanáms og rannsókna í Þingeyjarsýslum undir nafni síðarnefndu stofnunarinnar. Ennfremur segir að sameiningin hafi haft það í för með að allar skyldur beggja stofnana færðust á herðar hinnar nýju, Þekkingarseturs Þingeyinga. Þannig sé Þekkingarsetur Þingeyinga símenntunarmiðstöð fyrir Norðausturland frá Vaðlaheiði til Þistilfjarðar skv. samningi þar um við menntamálaráðuneytið. Í ljósi þessara breytinga er þess óskað að aðild Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga að Leikn falli niður og Þekkingarsetur Þingeyinga komi þar inn í staðinn.

Stjórn Leiknar samþykktir erindið.

**3. Aðalfundur Leiknar fyrir árið 2007.**

- a. Erindi Bjargar Árnadóttur, dags. 15. maí 2007.

Lagt fram bréf frá Björgu Árnadóttur, forstöðumanns Námsflokka Reykjavíkur, dags. 15. maí 2007. Í bréfinu viðrar Björg stöðu sína í norrænu tengslaneti um formlega fullorðinsfræðslu og veltir upp spurningu um hvað teljist til formlegrar fullorðinsfræðslu á Íslandi. Óskar Björg eftir að umræða um þessi mál verði tekin á aðalfundi Leiknar.

Stjórnin vísar erindinu til aðalfundar sem haldinn verður síðar um daginn.

- b. Skýrsla formanns.  
Lagt fram skýrsla formanns og starfsemi Leiknar starfsárið 2006-2007:
- c. Reikningar.  
Lagðir fram reikningar Leiknar fyrir starfsráðið 2006-2007.
- d. Lagabreytingar.  
Rætt um tillögur að lagabreytingum sem lagðar verða fyrir aðalfund.
- e. Kosningar  
Rætt um kosningar stjórnar og endurskoðenda á aðalfundi.

#### **4. Umsókn Fræðslunets Suðurlands ses að Leikn..**

Lagt fram bréf frá Ásmundi Sverri Pálssyni, f.h. Fræðslunet Suðurlands ses, dags. 24. maí 2007.

Í bréfinu er óskað eftir að Fræðslunetið gerist aðili á Leikn.

Stjórnin samþykkir erindið.

Fundi slitið kl. 11:30

Hulda Ólafsdóttir ritaði fundargerð